

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

701. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn þriðjudaginn 14. júní 2011 kl. 11:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Kosningar formanns og varaformanns byggðarráðs.
2. Viðræður við leikskólastjóra.
3. Skipulag fræðslu- og félagsmála í Húnaþingi vestra.
4. Starfsmannamál í mötuneyti grunnskóla.
5. Umsókn um lóðarúthlutun.
6. Bréf Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.
7. Erindi Nielsar Ívarssonar.
8. Bréf Umhverfissráðuneytisins. Dagur íslenskrar náttúru.
9. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
10. Erindi Sigurveigar Guðjónsdóttur.
11. Bréf Umhverfissráðuneytisins. Útgáfa reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Afgreiðslur:

1. Kosning formanns og varaformanns byggðarráðs. Lögð fram tillaga um að Sigurbjörg Jóhannesdóttir verði formaður til eins árs og varaformaður til sama tíma verði Stefán Böðvarsson. Tillagan samþykkt sammála.
2. Leikskólastjóri er mættur á fundinn til viðræðna við byggðarráð. Leikskólastjóri óskar eftir heimild til að stytta opnunartíma leikskólans um ½ klst. á dag og verði þá lokað kl. 16:30. Opnunartíminn verður tekinn til endurskoðunar ef þörf skapast. Byggðarráð samþykkir erindið. Leikskólastjóri óskar einnig eftir 50% stöðugildi stuðningsfulltrúa við leikskólann frá 1. september n.k.. Byggðarráð samþykkir erindið og vísar kostnaði vegna þess til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
3. Skólastjóri grunnskólans og leikskólastjóri eru mætt á fundinn til að kynna tillögu um skipan fræðslu og félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Byggðarráð samþykkir að fela skólastjóra grunnskólans og leikskólastjóra að útfæra tillöguna nánar og kynna fyrir fræðsluráði og félagsmálaráði, sem veita síðan umsögn til byggðarráðs.
4. Starfsmannamál í mötuneyti grunnskóla. Skólastjóri grunnskólans óskar eftir að auka stöðugildi við mötuneyti grunnskólans um 50% frá 15. ágúst n.k. Byggðarráð samþykkir erindið og vísar kostnaði vegna þess til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
5. Lögð fram umsókn um lóðarúthlutun við Brandsvöll fyrir allt að 20 smáhýsi frá Vigni Skúlasyni fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfissráðs.
6. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra dags. 7. júní 2011 um fráveitur sveitarfélaga. Forstöðumanni tæknideildar falið að svara erindinu.
7. Lagt fram erindi Nielsar Ívarssonar dags. 6. júní 2011, þar sem hann óskar eftir endurnýjun leigusamnings um beitarafnot af jörðunum Fosskoti og Lækjarbæ til allt að fimm ára. Erindinu vísað til umsagnar landbúnaðarráðs.
8. Lagt fram til kynningar bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 3. júní 2011 um dag íslenskrar náttúru 16. september ár hvert. Erindinu vísað til skoðunar umhverfisstjóra.
9. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 1. júní 2011, sem sent er öllum sveitarstjórnnum á landinu vegna hertra öryggisreglna um öryggi á sundstöðum. Komið

hefur í ljós að í einhverjum tilvikum er misbrestur á að á sundstöðum sé framfylgt ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund-og baðstöðum.

Erindinu vísað til íþróttá-og tómstundafulltrúa til skoðunar,

10. Lagt fram erindi Sigurveigar Guðjónsdóttur dags. 7. júní s.l. þar sem hún segir upp leigusamningi íbúðarinnar að Gilsbakka 5 á Laugarbakka., og óskar eftir að skila henni 1. júlí n.k. Byggðarráð samþykkir erindið.
11. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunarinnar dags. 3. júní 2011, þar sem óskað er eftir umsögn um nýja reglugerð um framkvæmdaleyfi Erindinu vísað til tæknideildar.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:03

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri